

Árangurinn með samstarfi – foreldrar, nemendur og skólayfirvöld

Heimili og skóli – landssamtök foreldra eru aðilar að Samstarfsráði um forvarnir, SAMFO. Nú stendur yfir vímuvarnavika eða **VIKA 43** á vegum ráðsins þar sem sjónum er beint að kannabisnotkun og þá aðallega ungs fólks. Foreldrar fá þau skilaboð frá sérfræðingum í vímuvörnum að hægt sé að tala um kannabis sem vímuefni unga fólksins og mikilvægt sé að leggjast í forvarnir til að bjarga komandi kynslóðum eins og Þóra Við foreldrar megum ekki sofna á verðinum og mikilvægt að foreldrar þekki þau einkenni sem koma fram hjá unglingum sem eru að byrja að neyta kannabis en helst af öllu að styrkjum börn okkar þannig að þau hefji ekki neysluna og hægt sé að grípa inn í fljótt ef börn eru að leiðast út í neyslu. Sérstaklega þarf að beina sjónum að 16 – 18 ára unglingum, að þeim ungmennum sem hafa hafið nám í framhaldsskólum og fylgja þeim eftir.

Niðurstöður rannsókna sem hafa verið gerðar hér á landi á líðan og högum ungmenna hafa sýnt fram á að eftirlit foreldra, stuðningur þeirra, gæði þeirra tíma sem varið er með börnunum og tengsl foreldra við aðra foreldra og vini barna þeirra dragi úr líkum á vímuefnaneyslu og auki líkur á góðum námsárangri.

Með öflugum foreldrasamstarfi gengur foreldrum betur að standa gegn ýmiskonar hópþrýstingi. Foreldrar þurfa að sýna börnum sínum umhyggju, aðhald og eftirlit og vita hvað er í gangi í unglingahópnum hverju sinni. Samstarf foreldra í framhaldsskólum hefur tekið á sig nýja mynd nú síðan ný menntastefna leit dagsins ljós og menntalög tóku gildi í júní 2008 þar sem gert er ráð fyrir foreldraráðum í framhaldsskólum og nú starfa þar sérstakir forvarnarfulltrúar. Samstarfið þarf öðru fremur að einkennast af gagnkvæmri upplýsingamiðlun og er það því fagnaðarefni að foreldrar skuli fá vefrit send eins og Verzlunarskólinn hefur gert undanfarið. Verzlunarskólinn sýnir með þeim hætti frumkvæði að góðu upplýsingastreymi til foreldra og forráðamanna nemenda sinna og við viljum hvetja alla framhaldsskóla landsins til að taka sér þetta framtak til fyrirmyndar.

Við fögnum sóknarfærum sem felast í því að efla forvarnarstarf með auknu samstarfi við framhaldsskólanna og foreldra, sem hafa það sama markmið, standa vörð um ungmennin

og halda úti góðum forvörnum. Sóknarfæri, til öflugra forvarnarstarfs í framhaldsskólum með góðri samvinnu foreldra, nemenda, forvarnarfulltrúa og skólayfirvalda með aðkomu foreldra að nefndum og ráðum inni í framhaldsskólunum. En það er einmitt á því tímabili þegar nemandi fer yfir í framhaldsskóla að foreldrar eru of fljótir að sleppa takinu og missa þá gjarnan tókin á börnum sínum, sérstaklega þegar horft er til niðurstaðna kannana sem gerðar hafa verið á neysluvenjum 16 – 18 ára unglunga hvað varða áfengisdrykkju og aðra vímuefnantkun eins og kannabisefnanotkun. Ef við fáum þau til að bíða í eitt ár enn, munar það strax, því hvert ár skiptir máli.

Með virkri og markvissri þátttöku foreldra í framhaldsskóla felast sóknarfæri fyrir foreldra að hafa áhrif á almenna stefnumótun í skólamállum, þar á meðal forvarnarmál, einstakra sveitarfélaga og framhaldsskóla. Þá er lykilatriðið að starfið sé virkt og til að starf foreldra í skólanefndum verði skilvirkt er nauðsynlegt að bakland þeirra í foreldrafélögum og ráðum sé traust.

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann, þ.e. yngri en 18 ára. Félagsmenn geta verið foreldrar nemenda við skólann. Foreldraráð eru talin mikilvægur tengill milli skólans og forráðamanna ólögráða nemenda. Áhrif hækkunar á sjálfræðisaldri upp í 18 ár er því augljós.

Með samstarfi er hægt að halda uppi öflug og góðu forvarnarstarfi og hvetja til samstarfs foreldra m.a. um það að halda ekki eftirlitslaus samkvæmi, leyfa ekki áfengi fyrir viðburði á vegum skólans, í heimahúsi í samkvæmu fyrir skólaböll svo dæmi séu tekin.

Í forvarnarstarfi þarf að leggja áherslu á að ná til ungmenna í ljósi þess að í æsku er lagður grunnur að framtíð hvers einstaklings. Þá mótast mikilvægar forsendur lífssýnar, þroska og heilbrigði síðar á ævinni eins og máltækið segir, lengi býr að fyrstu gerð. Ungt fólk er veikara fyrir gagnvart neyslu vímuefna en fullorðnir og rannsóknir sýna að því seinna sem ungt fólk byrjar neyslu áfengis og tóbaks því minni líkur eru á að það leiðist í

neyslu vímuefna, hætti í skóla eða lendi í öðrum erfiðleikum. Við vitum það að börn og ungmenni eru berskjölduð fyrir áróðri og hvatningu til neyslu áfengis og annarra vímuefna. Með öflug foreldrasamstarfi, samstarfi við skólayfirvöld, nemendafélög, fræðslu, upplýsingastarfi og hvatningu til heilbrigðra lífshátta er hægt að sporna gegn vímuefnaneyslu ungmenna. Foreldra eru auðlind í skólastarfi og með því að taka þátt þá verndum við það dýrmætasta sem við eigum, börnin okkar.

*Sjöfn Þórðardóttir
Formaður Heimilis og skóla*